

Fræðslubættir frá Gedhjálp

Hlutverk félagsráðgjafa



Spurning: Hvert er hlutverk félagsráðgjafa á sjúkrahúsum?

Svar:

Starfssvið og hlutverk félagsráðgjafa afmarkast af því, á hvers konar sjúkrahúsi eða sjúkradeild hann eða hún starfar.

Félagsráðgjafinn annast þó yfirleitt ákveðin verkefni, án tillits til tegundar sjúkrahúsa eða deilda. Þessi verkefni eru:

1. Kanna félagslegar og persónulegar aðstæður sjúklingsins. Her er m.a. átt við: — fjölskylduhagi, atvinnu við innlögn, og atvinnumöguleika við útskrift, e.t.v. endurhæfingu til nýrrar atvinnu, efnahag, aðstæður í fjölskyldu sjúklingsins með tilliti til þátttöku hennar í endurhæfingu eða umönnun sjúklingsins o.fl.

1. Að fengnum þessum upplýsingum og með vitneskju um batahorfur sjúklingsins á hverjum tíma, aðstoðar félagsráðgjafinn viðkomandi og fjölskyldu

hans til að nýta sér þau bjargráð sem fyrir hendi eru.

Þeir kraftar og þau úrræði, sem kunna að liggja ónýttir í hæfileikum sjúklingsins og fjölskyldu hans, eru nýttir eftir bestu getu, auk þeirra samfélagslegu aðstoðar sem til bóða stendur í hverju tilviki.

Eins og áður er nefnt, eru verkefni félagsráðgjafanna nokkuð mismunandi eftir deildum spítalanna. Þannig er nokkur verkefnamunur, t.d. á gedhsjúkrahúsum annast félagsráðgjafar bæði langtíma- og skammtíma-meðferð sjúklinga og aðstandenda þeirra, auk þess sem þeir leiðbeina um ýmis úrræði. Meðferðin er veitt ýmist í formi einstaklingsviðtala, hjóna- eða fjölskylduviðtala, ellegar í hópvinnum með sjúklingnum. Á almennum deildum beinast kraftar félagsráðgjafans að því að vinna úr félagslegum og persónulegum vanda sjúklinganna svo að bati dragist ekki á langinn af þeim

orsökum, sómuleiðis að hindra endurinnlögn vegna félagslegra og persónulegra vandkvæða.

Rádstafanir við útskrift er stór hluti verkefnanna. Á langlegudeildum eru vistunarúrræði, samband við fjölskyldumeðlimi og félagsleg virkni gjarnan í brennidepli. Meginverkefni félagsráðgjafanna eru þó alltaf þau sömu án tillits til deilda. — Það er að vinna að félagslegri og andlegri endurhæfingu og benda einstaklingum, hópum og yfirvöldum á leiðir til að ná því markmiði.

Spurning: Ég hef heyrt að þeir (félagsráðgjafar) útskrifi sjúklings. Hver hefur gefið þeim það vald?

Svar:

Félagsráðgjafar hafa ekki vald né umboð til að útskrifa sjúklinga. Það er aðeins yfir-læknir sem tekur þá ákvörðun, eða deildarlæknir í umboði yfir-læknisins.